



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

13. MARS 2026
ELDBORG HARPA

ELGAR & ELDFUGLINN

FÖSTUDAGSRÖÐ

ELGAR & ELDFUGLINN

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 13. MARS KL. 18:00

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

EVA OLLIKAINEN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

KIAN SOLTANI
EINLEIKARI

EDWARD ELGAR

Sellókoncert í e-moll, op. 85 (1919)
Adagio – Moderato
Lento – Allegro molto
Adagio
Allegro

ÍGOR STRAVINSKÍJ

Svíta úr Eldfuglinum (1919)
Inngangur
Dans Eldfuglsins
Hringdans prinsessanna
Vítisdans Kastseis konungs
Vögguvísa
Lokadans

Tónleikarnir eru teknir upp og sendir út í útvarpi á
Rás 1 síðar og í sjónvarpi á RÚV 25. mars.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.

For information in English about
tonight's programme, please visit
the Iceland Symphony Orchestra
website: en.sinfonia.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á
tónleikum stendur.
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins
í lok tónverks.

EVA OLLIKAINEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Finnski hljónsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljónsveitar Íslands frá árinu 2020. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusarakademiuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljónsveitarstjóra árið 2003. Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljónsveitum, meðal annars Útvarpshljónsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Filharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljónsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljónsveit Breska útvarpsins (BBC). Starfsárið 2025/26 stjórnar Eva Sinfóníuhljónsveit Íslands á fjölbreyttum áskriftartónleikum í Hörpu og á fimm tónleikum í Evrópuferð hljónsveitarinnar. Hún mun kveðja hljónsveitina sem aðalhljónsveitarstjóri með Íslandsfrumflutningi á 8. sinfóníu Mahlers á Listahátíð í Reykjavík í maí næstkomandi.

KIAN SOLTANI

EINLEIKARI



Kian Soltani er einn fremsti sellóleikari samtímans, rómaður fyrir tæknilega fullkomnun og tilfinningaríka túlkun. Hann fæddist árið 1992 í Bregenz, Austurríki, af persneskum foreldrum. Soltani hóf að leika á selló þegar hann var fjögurra ára gamall og aðeins tólf ára hlaut hann inngöngu í sellóbekk Ivan Monighetti í Tónlistarakademiunni í Basel. Hann hlaut Anne-Sophie Mutter Foundation námsstyrk árið 2014 og lauk framhaldsnámi frá Kronberg Akademiunni í Þýskalandi og Alþjóðlegu tónlistarakademiunni í Liechtenstein. Soltani vakti fyrst heimsathygli þegar hann vann fyrstu verðlaun í Paulo-sellókeppninni í Helsinki árið 2013 og hann hefur síðan komið fram með mörgum helstu hljónsveitum Evrópu og víðar. Soltani er staðarlistamaður Sinfóníuhljónsveitar Íslands starfsárið 2025/26. Á starfsárinu kemur Soltani fram með sveitinni á þrennum tónleikum í Eldborg. Fyrstu tónleikarnir voru í október og þá flutti hann sellókoncert í C-dúr eftir Haydn undir stjórn Mirians Khukhunaishvili. Á tónleikum í gær lék hann svo sellókoncert Lutosławski. Soltani verður jafnframt einleikari í Evrópuferð sveitarinnar í þessum mánuði og mun leika einleik á öllum fimm tónleikum ferðarinnar.

ÍGOR STRAVINSKÍJ


SVÍTA ÚR ELDFUGLINUM



Hinn 27 ára Ígor Stravinskíj (1882-1971) var ekki allskostar óþekkt tónskáld þegar rússneski athafnamaðurinn Sergej Djagílev pantaði af honum Eldfuglinn. Stravinskíj hafði nýlega fengið hljómsveitarverk sitt, Flugeldar, frumflutt en hann var þó fjórða tónskáldið sem Djagílev hafði samband við vegna verkefnisins. Tónlistin var fyrir nýjan ballett fyrir Ballets Russes við sögu sem danshöfundurinn Michel Fokine vann úr rússneskum þjóðsögum. Stravinskíj gerði sér grein fyrir því að þetta var mikilvægt tækifæri fyrir hann. Hann lagði því önnur verkefni til hliðar og einhenti sér í verkið. Eldfuglinn var frumfluttur í Parísaróperunni í júní 1910 og hlaut strax mjög góðar viðtökur. Lagði það grunn að frekara samstarfi við Djagílev en saman unnu þeir svo að Petrúsku (1911) og Vorblótinu (1913). Sagan segir frá ungum prinsí að nafni Ívan og þrautagöngu hans við að handsama göldróttan eldfugl en í söguna blandast prinsessa, álög og margvíslegur dans. Tónmálið í Eldfuglinum er sambland af evrópskum áhrifum, þá sér í lagi frönskum, og rússneskum þjóðlögum.

EDWARD ELGAR

SELLÓKONSERT



Þegar sellókonsert Edward Elgars (1857-1934) var frumfluttur var frægðarsól tónskáldsins farin að hníga, en tónskáldið þótti of íhaldssamt og gamaldags. Konsertinn er tregafullur og uppfullur af eftirsjá enda saminn í kjölfar fyrri heimstyrjaldarinnar árið 1919. Frumflutningurinn gekk ekki vel þar sem hljómsveitin var ekki nægjanlega undirbúin og verkið féll fljótt í gleysku. Það var ekki fyrr en Jacqueline du Pré dustaði af því rykið og hljóðritaði með Sinfóníuhljómsveit Lundúna undir stjórn Johns Barbirolli árið 1965 að verkið komst aftur í umferð. Í kjölfarið varð verkið mjög algengt á efnisskrá sinfóníuhljómsveita og hefur verið einn vinsælasti konsert sellóleikara. Konsertinn er dramatískur og dökkur og uppfullur af angurværð.

Þorbjörg Daphne Hall

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laura Liu
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Lin Wei
Laufey Jensdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FÍÐLA

Alexandra Woroniecka
Gunnhildur Daðadóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Justyna Bidler
Emma Garðarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfrís
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Guðbjartur Hákonarson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir
Urh Mrak

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Auður Edda Erlendsdóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Justin Mange
Emil Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
Jason Friedman

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Elis

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ

Liam Kaplan

SELESTA

Liam Kaplan

ÞÁKUR

Rafael García

SLAGVERK

Marco Santos
Frank Aarnink
Steeff van Oosterhout

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

MAGNÚS JÓHANN PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ



22. MAÍ KL.18:00
NORÐURLJÓS HARPA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ROSS JAMIE COLLINS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Magnús Jóhann Ragnarsson hefur skapað sér viðurkenningu sem óvenju fjölhæfur tónlistarmaður á flestum sviðum tónlistar; sem tónskáld, hljómborðsleikari og upptökustjóri.

Á þessum tónleikum flytur hann ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands eigin tónlist í fjölbreyttum hljómsveitarútsetningum þar sem hann leikur ekki eingöngu á píanó og hljómborð heldur einnig á hið dulmagnaða hljóðfæri Ondes Martenot. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir, án hlés.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS